

3. fundur skólaráðs skólaárið 2022-2023 - 15. febrúar kl. 14:10

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Hólmfríður Björnsdóttir, Stefán Hrafn Stefánsson, Þorsteinn Björnsson, Gyða Dröfn Árnadóttir, Sigurður Baldur Þorsteinsson, Móeiður Alma Gísladóttir og Birgir Húni Haraldsson.

Svala Fanney Snædahl Njálisdóttir var fjarverandi

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Þorgeir Rúnar Finnsson

1. Olweusaráætlunin gegn einelti

Haldnir voru foreldrafundir að hausti þar sem farið var yfir eineltishringinn og foreldrar ræddu saman sín á milli. Könnun lögð fyrir í byrjun febrúar, niðurstöður svipaðar og á undanförunum árum, fátt sem kemur á óvart. Vísbendingar um ákveðinn samskiptavanda á vissum stöðum en nemendur meta þó sjálfir að lítið sem ekkert sé um einelti í skólanum. Niðurstöður og mögulega viðbrögð við þeim verða rædd á kennarafundi. Könnunin verður endurskoðuð, sem og kerfið í kringum það, á næsta skólaári. Komið til ára sinna og kominn tími á uppfærslu. Ekki talin ástæða til að hafa fund með foreldrum til að kynna niðurstöður, þar sem fundað var í haust í tengslum við Olweusarverkefnið. Stefnt að því að hafa foreldrafundi annað hvert ár og hafa þá fund í tengslum við niðurstöður könnunarinnar annað hvert ár á móti.

2. Hvernig hefur skólaárið gengið

Skólastarfið heilt yfir gengið ágætlega þrátt fyrir ákveðinn óstöðugleika í starfsmannamálum. Tókst seint að manna allar stöður í haust og frá því það tókst hefur verið mikið um langtímaforföll. Mikið hefur verið rætt, nú sem áður, um að auka þurfi á aga og virðingu og bæta umgengni í skólanum. Áfram verk að vinna þar.

Breytingar á skóladegi, teymiskennslan, morgunstundirnar og fleira sem við tókum upp í fyrra er áfram í gangi og virðist almenn ánægja með það flest. Við munum halda áfram að þróa þessa þætti, reyna að sníða vankanta af og nýta þau tækifæri sem í þessu skipulagi felast.

3. Drög að skóladagatali og hópaskiptingu

Liggur ekki fyrir. Líklegt að verði með svipuðu sniði og í ár. Stefnir í fjölmennt unglíngastig, um 23 nemendur, ca. 15 á miðstigi og 16 á yngsta stigi. Rætt um hvort slíkur fjöldi í námshóp sé farinn að ógna sérstöðu skólans varðandi litla hópa. Vissulega stór hópur, en með teymi kennara í kring sem mun skipuleggja starfið og skipta í smærri hópa eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni. Skólastjóri á því að við getum haldið í umrædda sérstöðu, en eftir sem áður nýtt þá kosti sem einnig felast í stærri hópum og aldursblöndun.

4. Skólahúsnæði og skólalóð, öryggi, aðbúnaður o.s.frv.

Framkvæmdir á skólalóð komnar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og stefnt að því að hefja framkvæmdir í sumar. Hanna þarf framtíðarsýn fyrir lóðina og byrja á jarðvegsvinnu o.þ.h., en líklegt að verkið í heild verði unnið í 3-4 áföngum. Skipt verður um vatnsinntak í leiðinni, kominn tími á það, og mikilvægt að komast í það áður en eitthvað skemmist. Undirbúningshópur fundar fljótlega til að fara yfir málin og þá kemur sérfræðingur og skoðar lóðina á næstu dögum með tilliti til möguleika hennar.

5. Önnur mál

a. Mötuneytismál

Í febrúar hefur verið eldað fyrir Grenilund hér í skólanum. Matur fer því út úr húsi á tvo staði, Grenilund og Krummafót. Gengur ágætlega, gert til prufu í febrúar og verður svo metið með áframhaldið. Miklar breytingar orðið í mötuneytinu á síðustu misserum; búið að bæta við morgunmat, mat á föstudögum og áðurnefndum mat á Krummafót og Grenilund, og á starfsfólk hrós skilið fyrir að taka vel í þessar breytingar.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 14:40.